

Málsnúmer 1609021
Málsaðili Dalabyggð
Tengiliður
Sent til Sveitarstjóri Dalir;ragnh.pals@gmail.com ;Skúli Guðbjörnsson
;Steintún/Emmuberg ;Puríður Sigurðardóttir ;Einar Jón Geirsson
;Anna Sigríður Grétarsdóttir
Sendandi Eyjólfur Bjarnason
CC Svana Jóhannsdóttir ;Anna og Lolli ;Jón Egill Jónsson ;Sigurður
Bjarni ;Þorkell Cýrusson ;Valdís Gunnarsdóttir ;Sindri Geir
Sent 11.06.2018

Viðhengi

Sæll Sveinn,

Tel rétt að þessi tölvupóstur sem ég hef ekki enn fengið svar við verði hengdur við málsnúmer 1609021 í málakerfinu nýjum sveitarstjórnarmönnum til upplýsingar.

Bestu kveðjur,
Eyjólfur

----- Áframsent skeyti -----

Frá: **Eyjólfur Bjarnason** <eyjolfuringvi@gmail.com>

Dagsetning: 25. maí 2018 kl. 12:07

Titill: Vegna svars sveitarstjórnar við opnu bréfi mínu

Til: Sveinn Pálsson <sveitarstjori@dalir.is>, Jóhannes <johanneshh@simnet.is>, Eyþór Gíslason <brekkuhvammur10@simnet.is>, Halla Steinolfsdóttir <hallasteinofs@gmail.com>, Ingveldur-Stórholt <ing.gudm@gmail.com>, Sigurður Bjarni <siggi-bjarni@hotmail.com>, Valdís Gunnarsdóttir <valaislandia@hotmail.com>, Þorkell Cýrusson <keli@audarskoli.is>

Sæl öll

Ég þakka fyrir svar ykkar við opnu bréfi mínu í gær - ég kann því hins vegar mjög illa þegar ég er sakaður um að fara með rangt mál þegar í svari sveitarstjórnar er einnig farið með rangt mál. Slík vinnubrögð eru ekki fagleg af hálfu sveitarstjórnar.

Þennan póst ætla ég hins vegar eingöngu að senda á ykkur til að byrja með og gefa ykkur færi á að leiðrétta svar sveitarstjórnar en þessum upplýsingum mun ég koma á framfæri við nýja sveitarstjórn hverjir svosem hana munu skipa.

Í 4. lið svars ykkar stendur "Sveitarstjóri hefur átt ágæt samskipti við meðeiganda Dalabyggðar að Laugum við gerð deiliskipulags og við undirbúning sölunnar enda ýmislegt sem taka hefur þurft tillit til s.s. ófullgerðir samningar sem gerðir voru áður en Dalabyggð eignaðist hlut í Laugum. Hefur verið tekið fullt tillit til hagsmuna meðeiganda. **Fasteignasalinn hefur kannað hug meðeiganda til hugsanlegs forkaupsréttar. Ekki kom fram áhugi í þeim viðræðum.**"

Ég hafði samband við Bergljót Kristjánsdóttur hinn eiganda Lauga í gær og sendi henni afrit af svari sveitarstjórnar við opnu bréfi.

Í svari hennar kemur fram: "*Kærar þakkar fyrir þetta Eyjólfur. Ég get upplýst að enginn fasteignasali hefur talað við mig hvorki um Lauga né annað. Ég nefndi hins vegar á fundi með Sveini að kannski byði ég bara í Laugafell - og að því voru vitni.*"

Hver fer með rétt mál og hver fer með rangt mál varðandi þetta atriði Sveinn Pálsson sveitarstjóri?

Samingurinn frá 15. maí 1994 er mjög skýr varðandi forkaupsrétt Bergljótar - hann er ekki hugsanlegur eins og skilja má af svari sveitarstjórnar.

Bestu kveðjur
Eyjólfur Ingvi Bjarnason

